

## **Þingstörf á árunum 1982-1987**

Kaflí úr bókinni „Hlustaðu á þína innri rödd“ Kvænnaframboð í Reykjavík og Kvænnaalisti 1982-1987, eftir Kristínu Jónsdóttur, bls. 171-187

Ein ástæða fyrir velgengi Kvænnaalista fyrstu árin var meðal annars sú virðing og vinsældir sem fyrstu þingkonurnar, þær Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, nutu langt út fyrir raðir Kvænnaalista. Þær komu vel fyrir og áttu auðvelt með að setja fram hugsun sína bæði í töluðu og rituðu máli. Fljótlega urðu þær andlit og rödd Kvænnaalista út á við í ríkari mæli en áður hafði tíðkast um einstakar kvænnaframboðs- og kvænnaalistakonur. Engin þeirra þriggja hafði verið flokksbundin og hvorki tekið þátt í pólitísku starfi né starfað áður í kvænnaheyfingu. Nokkru eftir að þær hófu störf á Alþingi var ákveðið að þær skyldu kalla sig þingkonur en ekki þingmenn. Sú ákvörðun kallaði fram sterk viðbrögð. Eiður Guðnason þingmaður hafði þetta um málið að segja: „...ég álit að það sé nokkurt alvörumál þegar þm. á Alþingi Íslendinga gera sér sérstakt far um að spilla íslenskri tungu eins og ég tel tvímælalaust að verið sé að gera með ónefninu þingkona.“<sup>1</sup> Sigríði Dúnu segist svo frá að blaðgreinar hafi verið skrifaðar og þingræður haldnar um þau helgispjöll sem verið væri að vinna með þessum útúrslunum á einu merkilegasta starfsheiti karla.<sup>2</sup>

Á þessu fyrsta kjörtímabili settu þingkonur Kvænnaalista mál á dagskrá sem vart höfðu áður verið rædd á Alþingi og opnuðu umræðu um mál sem höfðu legið í þagnargildi eins og nauðgunarmál, kynferðislegt ofbeldi og annað ofbeldi gegn konum og börnum. Þingkonur Kvænnaalista áttu síðar eftir að flytja ýmis fleiri þingmál er tengdust ofbeldi. Má þar nefna líkamlegt ofbeldi á heimilum og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Þingkonurnar fluttu ýmsar tillögur sem miðuðu að því að gera heiminn friðvænlegri. Fyrsta þingsályktunartillagan sem þær lögðu fram var tillaga um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýstu yfir tafarlausri frýstingu kjarnorkuvopna. Tillagan var flutt á fimm þingum. Þær lögðu einnig fram þingsályktunartillögu um bann við hönnun og framleiðslu hergagna eða hluta þeirra hér á landi og tillögu um skipun embættismannanefndar til að fjalla um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Guðrún Agnarsdóttir flutti eftirfarandi þingsályktunartillögu um friðarfræðslu á vorþingi 1984 ásamt fulltrúum úr öllum flokkum:

<sup>1</sup> Umræða um fjárlög 1986, *Alþingistíðindi* 1985–1986, dalkur 2070.

<sup>2</sup> Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Konan með kyndilinn – áhrif Simone de Beauvoir á íslenska kvænnaáráttu“, bls. 70.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistunarstofnunum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á þýðingu og hlutverki friðar og rækta hæfileika til þess að leysa vandamál án ofbeldis og leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.<sup>3</sup>

Tillagan olli miklu fjaðrafoki og umræðan um hana varð ein sú lengsta á þinginu, um ellefu klukkustundir. Í umræðu um friðartillöguna festust margir þingmenn í kaldastríðsumræðu um her og hernaðarbandalög og spurðu hvort verið væri að leggja til að taka upp kennslu um vopn, hernaðarbandalög og alþjóðastjórnmál á dagvistarstofnunum og í skólum. Slíkt var fjarstæða að mati Guðrúnar: „Friðarfræðsla barna hlýtur að miða að því að gera þeim kleift að ráða friðsamlega við vandamál í nánasta umhverfi og þannig að búa þau undir lífið, en ekki að kynna þeim neinn stóra sannleika í alþjóðastjórnmálum.“<sup>4</sup> Tillagan var endurflutt á næstu tveimur þingum en ekki samþykkt.

Í fyrsta frumvarpi Kvinnalista sem leit dagsins ljós í byrjun febrúar 1984 er kveðið á um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex. Annars staðar á Norðurlöndum var fæðingarorlof mun lengra en hér á landi. Fjórir til fimm mánuðir eftir aðstæðum í Danmörku og Noregi, níu mánuðir í Svíþjóð og heilt ár í Finnlandi.<sup>5</sup> Samkvæmt frumvarpinu skyldu greiðslur vera með þeim hætti að foreldrar héldu fullum launum. Gert var ráð fyrir að allar konur fengju að minnsta kosti óskert lágmarksfæðingarorlof án tillits til atvinnuþátttöku og þar með yrði réttarstaða heimavinnandi móður viðurkennd í verki og gildi starfa hennar fyrir þjóðfélagið í heild. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að feður eigi þess kost að taka fæðingarorlof í tvo mánuði með samþykki móður og skerðist þá orlof hennar sem því nemur. Þegar Sigríður Dúna fylgdi frumvarpinu úr hlaði sagði hún meðal annars að með því væri komið til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi, hina gífurlegu aukningu sem orðið hefði á atvinnuþátttöku kvenna á undanförunum árum og þá staðreynd að nú væri það efnahagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur.<sup>6</sup>

Með frumvarpinu var verið að skapa svigrúm fyrir fólk, ekki síst konur, til að annast börn sín á fyrsta æviskeiði þeirra og tryggja velferð barna og mæðra fyrstu æviárin. Einnig var frumvarpið mikilvægur þáttur í að gefa feðrum kost á að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna.

<sup>3</sup> Þingsályktunartillaga um friðarfræðslu, 184. mál, þingskjal 328, 106. löggjafarþing 1983–1984.

<sup>4</sup> Umræða um þingsályktunartillögu um friðarfræðslu, *Alþingistíðindi* 1983–1984, dálkur 4283.

<sup>5</sup> Umræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof og breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 1971 með síðari breytingum, *Alþingistíðindi* 1983–1984, dálkur 2579.

<sup>6</sup> Umræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof og breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 1971 með síðari breytingum, *Alþingistíðindi* 1983–1984, dálkur 2578.

Umdeildasta atriði frumvarpsins var að fæðingarorlofsgreiðslur skyldu miðast við full laun foreldra. Þarna var í fyrsta skipti sett fram tillaga um að tengja fæðingarorlofsgreiðslur við launagreiðslur. Kvænnaframboðs- og kvennalistakonur fóru í hringferð um landið um vorið. Kom þá fram mikil gagnrýni frá konum af landsbyggðinni sem fannst húsmæðrum mismunað þar sem þær myndu fá lægri greiðslur en útivinnandi konur, og fannst að allar konur ættu að sitja við sama borð. Sumir þingmenn sem studdu frumvarpið drógu réttmæti þessa ákvæðis í efa. Í umræðu um það í þinginu flutti Árni Johnsen eftirminnilegustu ræðuna. Í máli hans kom fram mikill áhugi á brjóstamjólk, brjóstagjöf og brjóstum yfirleitt. Af málflutningnum mátti ætla að til umræðu væru landbúnaðarmál. Hann talaði um konur eins og hvern annan búpening, bar þær saman við svartfugl, pysju og kýr og sagði: „Það er eins með konuna í hlutverki móður, þegar hún gefur mjólk, eins og þegar sótt er mjólk til mjólkurkýrinnar. Það þarf að mjólka reglulega og það þarf að mjólka á ákveðinn hátt til þess að brjostið skili mjólk annars vegar, til þess að kýrin verði ekki geld hins vegar.“ Og Árni heldur áfram: „Brjóst konunnar sem forðabúr og uppspretta fyrir barn eru ákaflega litlar forðageymslur miðað við flest önnur spendýr“.<sup>7</sup> Sumir þingmenn eru sagðir hafa orðið ansi langleitir undir þessari tölu, enda óvanir því að slík mál bæri á góma á hinu háa Alþingi. Frumvarpið var flutt þrisvar sinnum á fyrsta kjörtímabilinu. Það vakti athygli og naut stuðnings almennings að mati Kristínar Halldórsdóttur sem telur að það hafi án efa átt þátt í því að ríkisstjórnin lagði fram og fékk samþykkt frumvarp um þetta efni rétt fyrir kosningar 1987.<sup>8</sup>

Þingsályktunartillaga um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála var fyrsta þingmál Kvænnaalista sem fékkst samþykkt, vorið 1984.<sup>9</sup> Kristín segir frá því í *Veru* að við undirbúning tillögunnar hafi komið í ljós að ekki hafi fundist stafkrókur í þingskjölum um slík mál, þótt leitað væri langt aftur í tímann. Annað lesefni væri einnig af skornum skammti. Kristín Halldórsdóttir var fyrsti flutningsmaður en auk hennar stóðu Guðrún og Sigríður Dúna að tillögunni. Þær buðu nokkrum öðrum þingmönnum aðild að henni en þingkonunum til talsverðrar undrunar afþökkuðu þeir og báru ýmsu við. Tillagan fékkst samþykkt og var það vafalaust „Hverfisgötumálið“, sem vakti marga af værum blundi.<sup>10</sup> Þetta sama vor var stúlku

<sup>7</sup> Umræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof og breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 1971 með síðari breytingum, *Alþingistíðindi* 1983–1984, dálkar 2694–2699.

<sup>8</sup> *Kvænnaögusafn*: Kristín Halldórsdóttir, „Kvennalistinn. Söguágrip – aðdragandi – árangur“.

<sup>9</sup> Þingsályktunartillaga um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála, 289. mál, þingskjal 556, 106. löggjafarþing 1983–1984.

<sup>10</sup> Kristín Halldórsdóttir, „Bætt aðstaða kvænna í nauðgunarmálum. Fyrsta mál Kvænnaalista sem Alþingi samþykkti“, bls. 16–17.

nauðgað á Hverfisgötu. Sami maður hafði gert tilraun til að nauðga annarri konu skömmu áður, en henni hafði borist hjálp. Árásarmaðurinn náðist fljótlega og játaði verknaðinn.

Rannsóknarlögreglan fór fram á að maðurinn yrði settur í gæsluvarðhald en Sakadómur synjaði beiðninni. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar en meðan beið var eftir honum urðu miklar umræður og mótmæli. Kvænnaframboðs- og kvennalistakonur söfnuðu undirskriftum gegn ákvörðun Sakadóms. Á skömmum tíma söfnuðust um 11.200 undirskriftir. Sigríður Dúna kvaddi sér hljóðs utan dagskrár á þingi og lýsti undrun sinni yfir að maðurinn skyldi ekki vera úrskurðaður í gæsluvarðhald þar sem brot hans varðaði fangelsi allt að ævilangt. En að jafnaði skyldi samkvæmt lögum beita gæsluvarðhaldi ef ætla mætti að brotið varðaði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Nauðgunarmál voru í fyrsta skipti í sögunni sett á dagskrá á Alþingi með þessari utandagskrárumræðu, þingsályktunartillögunni um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála og fyrirspurn frá Kristínu Halldórsdóttur til dómsmálaráðherra um afdrif nauðgunarmála.<sup>11</sup> Í þingsályktunartillögunni var lagt til að dómsmálaráðherra yrði falið að skipa fimm manna nefnd til að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gera tillögu til úrbóta í þeim efnunum. Nefndin var skipuð fljótlega og átti Guðrún Agnarsdóttir meðal annarra sæti í henni. Ein af tillögum nefndarinnar var að setja á stofn neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisafbrot. Guðrúnu var síðar falið af heilbrigðisráðuneyti að sjá um skipulagningu og undirbúning Neyðarmóttöku á Slysadeild Borgarspítala. Var hún opnuð árið 1993 og varð Guðrún yfirlæknir hennar. Margar kvennalistakonur telja að þessi þingsályktunartillaga og sá árangur sem hún leiddi til sé eitt merkasta þingmál Kvennalista.

Sigríður Dúna mælti fyrir frumvarpi til laga um átak í dagvistunarmálum barna, haustið 1984. Í frumvarpinu segir að á fjárlögum ár hvert skuli „veita úr ríkissjóði upphæð sem nemur a.m.k. 0,8% af A-hluta fjárlaga til byggingar dagvistunarheimila fyrir börn.“<sup>12</sup> Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að staðan í dagvistarmálum var bágborin. Í desember 1983 var rúm fyrir 43,5% barna á landinu á aldrinum sex mánaða til fimm ára á dagvistarheimilum. Þar af voru 34,6% barna á leikskólum, en þeir buðu upp á fjögurra stunda fóstrun á dag, en aðeins 8,9% á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins var rúm fyrir 377 börn eða 1,5% barna á aldrinum 6–11 ára. Á sama tíma voru rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla á vinnumarkaði. Í

<sup>11</sup> Fyrirspurn til dómsmálaráðherra um afdrif nauðgunarmála, 425. mál, þingskjal 356, 106. löggjafarþing 1983–1984.

<sup>12</sup> Frumvarp til laga um átak í dagvistunarmálum barna, 61. mál, þingskjal 61, 107. löggjafarþing 1984–1985.

greinargerðinni er einnig vitnað til kjarasamnings ASÍ og stjórnvalda frá 1980 en þá var samið um að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu tíu árum. Í umræðu um frumvarpið töldu fæstir rétt að binda fasta upphæð í lög en margir voru hlyntir málefningu, þó með ýmsum fyrirvörum. Sumir þingmenn settu spurningarmerki við að dagvistarheimili væru af hinu góða. Björn Dagbjartsson gerði að umræðuefni „ómannlegt“ dagvistarheimili í Eistlandi og spurði: „Er dagvistun alltaf æskileg eða er hún oft, oftast jafnvel, ill nauðsyn?“<sup>13</sup> Aðrir þingmenn vildu kanna möguleika á að greiða þeim foreldrum sem þess óskuðu, og teldu sér fært að dvelja heima með börnum sínum, að hluta til það sem ríki og sveitarfélög þyrftu að greiða til þessara stofnana í viðkomandi sveitarfélagi. Niðurstaðan var sú að frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem það dó drottni sínum.

Haustið 1985 fluttu kvennalistakonur ásamt fleiri þingkonum, breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1986 og lögðu til einnar milljónar króna fjárframlag til kvennarannsóknna undir fjárlagalið, sem bar heitið Vísindaleg starfsemi, styrkir. Í umræðu um tillöguna skýrði Sigríður Dúna hvað átt væri við með hugtakinu kvennarannsóknir:

Kvennarannsóknir eru í stuttu máli hvers konar vísindalegar rannsóknir sem konur stunda og sem annaðhvort beinast að konum á einhvern hátt, t.d. rannsóknir á sögu kvenna eða rannsóknir á bókmenntum eftir konur, eða þá byggjast á ákveðnum kvenlegum viðhorfum, ef svo má segja, þótt rannsóknin sjálf beinist ekki endilega að konum. Sem dæmi um það síðarnefnda má t.d. nefna rannsóknir kvenna á Biblíunni út frá kynbundnum trúarhugmyndum, öðru nafni kvennaguðfræði.<sup>14</sup>

Í umræðunni höfðu sumir þingmenn á orði að þeir hafi alltaf haft áhuga á rannsóknum á konum. Einn kallaði það lögfestingu á misrétti kynjanna ef tillagan yrði samþykkt. Sigríði Dúnu fórust svo orð um málflutning andstæðinga tillögunnar að sumir þingmenn vissu ekki hvað kvennarannsóknir væru og teldu tillöguna frekar eiga heima undir liðnum Borgarspítali „...því að hér hlyti að vera um að ræða læknisfræðilegar rannsóknir á konum.“ Hún bætti við að það eina sem þingmönnum dytti í hug þegar þeir sæju orðið rannsóknir væru rannsóknir á einhverju sem lýtur að líkómum kvenna. Þessi viðbrögð sýndu „best hversu ósýnileg vinna kvenna er körlum og við hversu ramman reip er að draga í þessum efnum, þar á meðal svonefndum kvennarannsóknnum.“<sup>15</sup>

Í málflutningi kvennalistakvenna var alltaf mikil áhersla á mikilvægi valddreifingar. Í stefnuskrá Kvennalista 1983 er kveðið á um nauðsyn þess „að dregið verði stórlega úr

<sup>13</sup> Umræða um frumvarp til laga um átak í dagvistarmálum barna, *Alþingistíðindi* 1984–1985, dálkur 273–291.

<sup>14</sup> Umræða um fjárlög 1986, *Alþingistíðindi* 1985–1986, dálkur 2060.

<sup>15</sup> Umræða um fjárlög 1986, *Alþingistíðindi* 1985–1986, dálkur 2060.

miðstýringu íslensks samfélags.“ Frumlegasta tillagan um aukna valddreifingu í samfélaginu er líklega frumvarp til útvarpslaga sem Sigríður Dúna mælti fyrir á vorþingi 1984. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útvarpsráð, skipað pólitískt kjörnum fulltrúum, leggist af. Í staðinn komi notendaráð sem verði skipað sjö konum og sjö körlum sem valin eru af handahófi úr þjóðskrá (tilviljunarúrtaksaðferð). Hlutverk notendaráðs sé meðal annars að sjá til þess að fyllstu óhlutdrægni sé gætt gagnvart öllum flokkum, stefnum og skoðunum í öllum málum, enn fremur gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að draga úr miðstýringu, auka valddreifingu og virkni einstaklingsins, þar sem „síaukin miðstýring færir völd og ábyrgð á æ færri hendur.“ Frumvarpið fékk vægast sagt dræmar undirtektir. Eiður Guðnason þingmaður hafði þetta að segja: „Mörg eru plöggin vitlaus sem koma hér inn á borð okkar þm. [þingmanna] En þetta plagg, frv. [frumvarp] þeirra hv. [háttvirtu] kvennalistakvenna, eins og þær kalla sig, til útvarpslaga er tvímælalaust eitt allra vitlausasta plagg sem nokkurn tíma hefur verið lagt fram sem þskj. [þingskjal] á hinu háa Alþingi.“<sup>16</sup> Frumvarpið fékkst ekki útrætt en það urðu örlög flestra þingsályktunartillagna og frumvarpa Kvennalista að sofna í nefnd eða fást ekki útrædd.

Þegar María Jóhanna Lárusdóttir varþingkona settist á þing flutti hún tvö mál sem miðuðu að því að efla áhrif fólks á umhverfi sitt og daglegt líf og auka lýðræði í landinu. Fyrra málið var frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Lagði hún til að 54. gr. laganna hljóði svo:

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boðað til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. [...] Í sveitarfélagi með færri en 1000 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.<sup>17</sup>

Er þessi tillaga um almenna atkvæðisgreiðslu einkar athyglisverð í ljósi þess að einstök sveitarfélag eru farin að bjóða upp á slíka atkvæðagreiðslu án þess að lagabókstafur sé fyrir hendi. Má þar nefna könnun Reykjavíkurborgar á viðhorfi íbúanna til áframhaldandi veru flugvallarins og bindandi atkvæðagreiðslu sem gerð var í Hafnarfirði um stækkun Álversins í Straumsvík 2007. Hitt mál Maríu Jóhönnu var tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæði. Í tillögunni segir að „stefnt skuli að því að tíundi hluti kosningabærra manna eða þriðjungur þingmanna geti farið fram á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál.“<sup>18</sup>

<sup>16</sup> Umræða um framvarp til útvarpslaga, *Alþingistiðindi* 1984–1985, dalkar 2773–2785.

<sup>17</sup> Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986. 85. mál, þingskjal 85, 109. löggjafarþing, 1986–1987.

<sup>18</sup> Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæði, 91. mál, þingskjal 92, 109. löggjafarþing 1986–1987.

Kvennalista- og kvennaframboðskonur voru mjög gagnrýnar á launamun kynjanna. Einnig mótmæltu þær því sem þær kölluðu láglaunastefnu stjórnvalda. Á þessum tíma unnu konur 72% af ófaglærðum láglaunastörfum, meðallaun karla voru 52% hærri en meðallaun kvenna, af þeim 80% kvenna sem unnu utan heimilis fengu aðeins 5% þeirra meðallaun. Hæstu meðallaun kvenna fengu 25–44 ára ógiftar konur og samsvöruðu þau meðallaunum 15–19 ára drengja og 65–69 ára ókvæntra karla.<sup>19</sup> Kvinnalistakonur reyndu ýmsar leiðir bæði á þingi og í borgarstjórn til að minnka þennan launamun og hækka laun kvenna. Þær fluttu meðal annars eftirfarandi tillögu til þingsályktunar um að meta heimilisstörf til starfsreynslu:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna.<sup>20</sup>

Í umræðu um þingsályktunartillöguna spurði Guðrún Agnarsdóttir hve margir þingmenn ætli „að standa í vegi fyrir því að heimavinnandi konur fái lágmarks – ég endurtek – lágmarksviðurkenningu fyrir framlag sitt þegar þær síðan fara út á hinn almenna vinnumarkað?“<sup>21</sup> Niðurstaðan varð sú að þetta var ein af fáum þingsályktunartillögum kvennalistakvenna sem var samþykkt.

Vorið 1986 fluttu kvennalistakonur frumvarp til laga um lögbindingu lágmarkslauna. Frumvarpið kvað á um að óheimilt væri að greiða lægri laun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem næmi framfærslukostnaði einstaklings skv. mánaðarlegum útreikningi Hagstofu Íslands.<sup>22</sup> Þetta voru viðbrögð kvennalistakvenna við þeim kjarasamningum sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér snemma þetta sama ár. Í frumvarpinu er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Frumvarpið tók aðeins til þeirra sem höfðu laun undir 30 þúsund krónum á mánuði, þar með til mikils hluta útivinnandi kvenna. Ekki var gert ráð fyrir að frumvarpið hreyfði við launum sem væru hærri en 30 þúsund krónur.<sup>23</sup> Í grein eftir Sigríði Dúnu segir að í fyrrgreindum kjarasamningum hafi ekki verið tekið á lögstu launum og stórum hópi fólks sé áfram skömmtuð laun sem ekki sé hægt að framfleyta sér af. Hvað sem líði yfirborgunum af margvíslegu tagi liggi ljóst fyrir að fjölmargir

<sup>19</sup> Guðrún Agnarsdóttir í umræðu um þingsályktunartillögu um mat heimilisstarfa til starfsreynslu, *Alþingistiðindi* 1985–1986, dálkur 3224.

<sup>20</sup> Tillaga til þingsályktunar um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, 11. mál, þingskjal 11, 108. löggjafarþing 1985–1986.

<sup>21</sup> Umræða um þingsályktunartillögu um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, *Alþingistiðindi*, 1985–1986, dálkur 3226.

<sup>22</sup> Frumvarp til laga um lágmarkslaun, 406. mál, þingskjal 750, 108. löggjafarþing 1985–1986.

<sup>23</sup> Sigríður Dúna Kristmundsdóttir í umræðu um frumvarp til laga um lágmarkslaun, *Alþingistiðindi* 1985–1986, dálkar 3728–3731

launþegar, þar á meðal stærsti hluti kvenna á vinnumarkaði, hafi innan við 30 þúsund kr. á mánuði í grunnlaun og geti því ekki framfleytt sér af afrakstri fullrar vinnu.<sup>24</sup> Frumvarpið var ekki samþykkt.

Umhverfismál voru ekki eins áberandi í málflutningi kvennalistakvenna á fyrsta kjörtímabilinu eins og síðar varð. Andstaða gegn stóriðju bar þar hæst en kvennalistakonur lýstu sig andvíggar allri stóriðju. Umræða um hana, eftir að þær settust á þing, var í fyrsta skipti á dagskrá í tengslum við umræðu um álbræðslu í Straumsvík árið 1984. Í málflutningi Guðrúnar Agnarsdóttur toguðust á nýjar hugmyndir og gömul þjóðernisrök. Þjóðernisrökin gegn stóriðju svipuðu til málflutnings Alþýðubandalags er hún tilgreinir hættu á fjárhagslegum ítökum erlendra aðila. Hún tilgreinir einnig umhverfisrök, sem áttu síðar eftir að verða sterkustu rökin gegn stóriðju í málflutningi kvennalistakvenna. Stóriðjan geti verið mengandi og spillt náttúru auk þess sem henni fylgi byggðarleg og félagsleg röskun. Guðrún tilgreinir líka að atvinnutækifæri í stóriðju séu fá og margfalt dýrari en á öðrum atvinnusviðum, stóriðja sé gamaldags og úreltur atvinnukostur og öll framsæknustu ríki heims séu að flytja þungaiðnað úr landi.<sup>25</sup> Í umræðunni gagnrýndu þingmenn kvennalistakonur fyrir að vera undir áhrifum frá Alþýðubandalagi. Guðrún svaraði þeim ásökunum og beindi máli sínu til iðnaðarráðherra, Sverris Hermannssonar, og taldi að margt af því sem hann hafði látið sér um munn fara í umræðunni sé hvorki virðulegt né vingjarnlegt. Hann hafi kallað kvennalistakonur „aftaníossur“, „fylgikonur“, „lagskonur“ og „meðreiðarsveina“. Þar með talið „taglhnýtinga, vinnukonur, svuntur á Alþ.“ [Alþýðubandalag] og „þær sem gegna kalli móðurskipsins“ og þannig megi lengi telja.<sup>26</sup> Þessi ummæli Sverris eru í samræmi við fyrri fullyrðingar sjálfstæðismanna, allt frá því að Kvennaframboð bauð fyrst fram 1982, um að Kvennaframboð og Kvinnalisti væru ekkert nema framlenging af Alþýðubandalagi.

Kristín Halldórsdóttir var mjög áhugasöm um ferðamál og lagði fram nokkrar tillögur tengdar þeim. Árið 1986 var samþykkt þingsályktunartillaga sem hún lagði fram ásamt fleirum um að samgönguráðherra léti gera úttekt á ferðaþjónustu og áætlun um úrbætur í ferðamálum og skyldi hún unnin í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna. Í framhaldinu óskaði

<sup>24</sup> Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Lögbinding lágmarkslauna“, bls. 15.

<sup>25</sup> Umræða um álbræðslu við Straumsvík, *Alþingistíðindi* 1984–1985, dálkar 1493–1494. (Ath. að í sumum rmtunum af Alþingistíðindum er blaðsíðutalið 1281–1282).

<sup>26</sup> Umræða um álbræðslu við Straumsvík, *Alþingistíðindi* 1984–1985, dálkur 1438. (Ath. að í sumum útgáfum af Alþingistíðindum er blaðsíðutalið 1226).



samgönguráðuneyti eftir skýrslum frá þessum samtökum og voru niðurstöðurnar birtar í úttekt ráðuneytisins.<sup>27</sup>

Á fyrsta kjörtímabilinu 1983–1987 fluttu þingkonur og varaþingkonur<sup>28</sup> Kvinnalista 40 þingsályktunartillögur ýmist einar eða með stuðningi úr öðrum flokkum. Af þessum tillögum voru sjö fluttar oftar en einu sinni. Alls voru sex samþykktar eða 15%. Þetta voru þingsályktunartillögur um rannsókn og meðferð nauðgunarmála, um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum, um kennslugögn í öllum fræðsluumdæmum, um fræðslu meðal almennings um kynferðismál, um að meta heimilisstörf til starfsreynslu og um úrbætur í ferðaþjónustu. Þingsályktunartillögu um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þingkonurnar fluttu 11 frumvörp á kjörtímabilinu, þar af voru þrjú flutt oftar en einu sinni. Flest fengust ekki útrædd en frumvarpi um rétt foreldra til að taka sér launalaust leyfi frá störfum vegna umönnunar barna var vísað til ríkisstjórnar. Tillaga sem tók mið af frumvarpi Kvinnalista og tveimur tillögum um lífeyrisréttindi húsmæðra var samþykkt vorið 1987. Hún fól í sér að ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi. Önnur frumvörp eða þingsályktunartillögur fengu ekki afgreiðslu á þessu fyrsta kjörtímabili. Auk þessa sem hér hefur komið fram um þingmál voru þingkonurnar meðflutningsmenn á fjölda annarra tillagna og frumvarpa. Einnig komu þær með 80 fyrirspurnir um ýmis málefni á þessu fyrsta kjörtímabili.

Þó að fá þingmál hafi verið samþykkt segir það ekki alla söguna. Áherslumál kvenna fóru að fá meira vægi í samfélagsumræðunni auk þess sem ýmis af þeim málum sem kvinnalistakonur lögðu fram á Alþingi og í borgarstjórn fengust samþykkt síðar þótt þau hafi ekki náð í gegn á þessum tíma.

---

<sup>27</sup> Þingsályktunartillaga um úrbætur í ferðaþjónustu, 286. mál, þingskjal 1078, 108. löggjafarþing, 1985–1986. – *Stjórnarráð Íslands 1964–2004. Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir 1983–2004*, III bindi, bls. 181.

<sup>28</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir og María Jóhanna Lárusdóttir.